

GJALDSKRÁ

Fráveitu Hafnarfjarðar 2011.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009 og samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði nr. 199/2009 og nemur 0,16% af fasteignamati. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta.

Fráveituheimæðargjald er tengigjald við fráveitu í götu og miðast við gerð, meðallengd og þvermál lagnar frá lóðamörkum að stofnræsi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 9/2009 sem hér segir:

Tafla I. Miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2010, 505,8 stig.

Þvermál lagnar DN	Heildarverð heimlagnar, frá stofnræsi að lóðamörkum, allt að 10 metrar*	Verð á m umfram 20 m
150	Kr. 192.617	Kr. 9.631
200	Kr. 285.073	Kr. 14.253
250	Kr. 370.731	Kr. 18.537

*Um er að ræða regnvatnslögn og skolplögn alls 20 m. Alltaf skal leggja sérstaka ofanvatnslögn.

Tengigjald er greitt fyrirfram. Ef sérstakar aðstæður, vegna gerðar og eðlis fráveituefna, kalla á sérstakt lagnaefni eða sértækar ráðstafanir, greiðir húseigandi fyrir samkvæmt skriflegu samkomulagi við Fráveitu Hafnarfjarðar.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

Gjald vegna hreinsibíla sem losa efni í Hraunavík er kr. 10.000 pr. rúmmetra.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 17. desember 2010, tekur gildi við við birtingu. Gjaldskráin er sett með vísan í 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Hafnarfirði, 21. desember 2010.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, staðgengill bæjarstjóra.